



19. mars 2021

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, lögræðislögum, nr. 71/1997, og barnalögum nr. 76/2003 (bann við barnahjónabandi).

Siðfræðistofnun fagnar fram komnu frumvarpi um að fella úr gildi undanþáguákvæði frá lögum um bann við barnahjónaböndum. Þvinguð hjónabönd barna eru alvarlegt vandamál víða um heim og hafa ýmis alþjóðleg samtök og alþjóðastofnanir, sem Ísland á aðild að, skorið upp herör gegn þeim vanda.

Þekkt er að slík undanþáguákvæði frá almennum lögum séu nýtt þar sem barnahjónabönd eru útbreitt vandamál. Það skýtur því skökku við að slík heimild skuli enn vera til staðar í íslenskum lögum. Hafa má til hliðsjónar að sambærilegar heimildir hafa þegar verið felldar úr gildi á Norðurlöndunum.

Vandséð er hvaða aðstæður geti komið upp í íslensku samfélagi sem gera undanþágu frá skilyrði um lágmarksaldur til þess að ganga í hjónaband æskilega eða nauðsynlega. Á hinn bóginn er ljóst að ákvörðun um hjónaband getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir velferð einstaklings til frambúðar og því er mikilvægt að slík ákvörðun byggji á vilja einstaklingsins sjálfs þegar hann telst sjálfráða og hefur öðlast nauðsynlegan þroska. Siðfræðistofnun mælir þess vegna með því að frumvarp um bann við barnahjónaböndum verði samþykkt.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri